



Öndunarfærasýkingar


Vika 50

11. – 17. desember 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

COVID-19 (SARS-CoV-2)

Fjöldi COVID-19 greininga er áfram stöðugur. Í viku 50 greindust 98 einstaklingar með COVID-19, annað hvort staðfest með PCR-prófi eða með klínískri greiningu. Hlutfall jákvæðra prófa af heildarfjölda greindra sýna sveiflast áfram í kringum 20% (mynd 1).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annað hvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda greindra sýna (hægri ás) haustið/veturinn 2023 (frá mánaðamótum ágúst–september).


Inflúensa

Fjöldi greininga á staðfestri inflúensu hefur aukist á undanförunum vikum og nálgast nú vikulegur fjöldi toppinn í meðaltali vetranna 2015–2020 (mynd 3). Hafa ber í huga að fjöldi öndunarfærasýna sem sendur er inn til veirugreiningar hefur aukist frá árinu 2019. Samkvæmt [upplýsingum frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala](#) var árlegur fjöldi öndunarfærasýna á bilinu 3.000 til 3.500 á árunum 2017–2019. Á árinu 2020 voru rannsókuð yfir 6.000 öndunarfærasýni og árið 2022 var fjöldinn 9.800. Það sem af er árinu 2023 (til og með viku 50) er fjöldi öndunarfærasýna sem borist hefur á veiruhluta sýkla- og veirufræðideildar kominn yfir 10.600.

Í viku 50 greindust 29 með staðfesta inflúensu. Öll greind tilfelli inflúensu í viku 50 voru af inflúensustofni A. Klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum eða „flensu“ (greiningum læknis án rannsóknarniðurstöðu) fer áfram fjölgandi (mynd 3).




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 3. Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum haustið/veturinn 2023.

Þátttaka í inflúensubólusetningu framan af hausti var dræm og minni samanborið við meðaltal þátttöku undanfarna fimm vetur. Ljóst er að bólusetningarátak sem heilsugæslur stóðu fyrir í síðustu viku, þar sem fólk í áhættuhópum var sérstaklega hvatt til þess að þiggja bólusetningu við inflúensu og COVID-19, skilaði árangri. Þátttaka meðal fólks 60 ára og eldra tók stökk í síðustu viku, bæði í bólusetningum gegn inflúensu (mynd 4) og COVID-19 (mynd 5). Uppsafnað þátttökulutfall fólks á aldrinum 60 ára og eldra er þó enn undir þátttöku undanfarinna ára. Hlutfallið er nú komið upp í 44% en hefur verið um 55% undanfarna þrjá vetur.



Mynd 4. Þátttaka einstaklinga á aldrinum 60 ára og eldri í bólusetningum gegn inflúensu veturinn 2023–2024 samanborið við hlaupandi meðaltal síðustu fimm vetra (frá hausti 2018 til vors 2023). Á myndinni eru einnig sýnd skekkjumörk miðað við 95% öryggisbil.




Mynd 5. Þátttaka einstaklinga á aldrinum 60 ára og eldri í bólusetningum gegn COVID-19 í haust/vetur ársins 2023 samanborið við sama tímabil árið 2022.

Mikilvægt er að einstaklingar í áhættuhópum þiggi bólusetningu samkvæmt [tilmælum](#) sóttvarnalæknis. Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við influensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn fædd 1.1.2020–30.6.2023, sem hafa náð 6 mánaða aldri þegar bólusett er.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, offitu, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Síðastliðinn vetur var í fyrsta sinn mælst til þess að börn á aldrinum 6 mánaða til þriggja ára (börn fædd 1.1.2020 til 30.6.2022) væru bólusett gegn influensu sem forgangshópur. Nú í haust var ákveðið að halda bólusetningum þessa aldurshóps áfram vegna aldurstengdrar áhættu á influensusýkingum sem koma til kasta heilbrigðiskerfisins. Þátttaka í þessum bólusetningum hefur verið talsvert minni það sem af er vetri í samanburði við síðastliðinn vetur (mynd 6).




Mynd 6. Þátttaka barna undir 5 ára aldri í bólusetningum gegn influensu í vetur samanborið við undanfarna fimm vetur (frá hausti ársins 2018).

Nýleg [rannsókn frá Danmörku](#) sýnir að líkur á innlögn með COVID-19 meðal fólks 65 ára og eldra eru um þrefalt hærra fyrir þau sem ekki hafa fengið bóluefni gegn XBB.1.5 afbrigðum COVID-19, sem er það bóluefni sem er í notkun hér á landi.

RSV og aðrar öndunarferasýkingar


Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu (RSV) jókst talsvert á milli vikna en 49 einstaklingar greindust með RSV í viku 50 (mynd 7), þar af 24 börn undir eins árs aldri. Af öndunarferaveirum öðrum en influensu og RSV greindust flestir með rhinoveir (kvef) í viku. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarferaveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufraeðideildar Landspítala](#).



Mynd 7. Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga haust og vetur 2023.

Innlagnir á sjúkrahús

Aukning varð í innlögnum á Landspítala með/vegna RSV í viku 50. Alls greindust 15 einstaklingar með RSV við eða í innlögn, yfir helmingur börn undir þriggja ára aldri. Fjögur börn voru undir eins árs og fimm börn voru á aldrinum 1–2 ára. Það sem af er vetri hafa flestir þeirra sem liggja á Landspítala með öndunarfæra-veirusýkingu verið með COVID-19. Breyting varð á þessu í viku 50 þar sem fleiri lágu inni með/vegna RSV en COVID-19 (mynd 8).



Mynd 8. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasýkingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

Samantekt

Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu jókst talsvert á milli vikna. Aukning varð einnig í fjölda sem lá á Landspítala með/vegna RS-veirusýkingar, að stærstum hluta börn undir þriggja ára aldri. Þátttaka í bólusetningum gegn influensu það sem af er vetri hefur verið undir meðalþátttöku undanfarinna ára. Bólusetningarátak heilsgæslustöðva hefur skilað auknum fjölda bólusetninga gegn influensu og COVID-19 meðal fólks 60 ára og eldra. Þátttaka ungra barna í bólusetningum gegn influensu er þó enn dræm. Fjöldi COVID-19 greininga er áfram stöðugur en fjöldi greininga á influensu er á uppleið.

Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarferasýkinga er á uppleið víða í Evrópu. Áfram er meira um tilfalli af völdum COVID-19 en RSV og influensu. Tíðni RSV er þó á uppleið með mest áhrif í aldurshópnum yngri en 5 ára. Tíðni og dreifing influensu er einnig að aukast. Sjá frekari upplýsingar [á vef Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins \(ECDC\)](#).

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

